



## Fundur háskólaráðs 5. febrúar 2004

### Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 02.02.2004  
Dags: 05.02.2004

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

02/2004

## HÁSKÓLARÁDSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 5. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Inga Jóna Þórðardóttir, Stefán Svavarsson, Matthías Páll Imsland, María Guðmundsdóttir, Davíð Gunnarsson, Þorsteinn Loftsson, Hjalti Hugason, Þórður Harðarson og Anna Soffía Hauksdóttir.

### 1. Til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram bréf til deildarforseta vegna hugsanlegra fjöldatakmarkana haustið 2004.
- 1.2 Lögð fram aðgerðaáætlun Samtaka evrópskra háskóla (EUA Action Plan 2004/2005).
- 1.3 Lögð fram Sjálfsmatsskýrsla lagadeildar vegna úttektar menntamálaráðuneytisins sem stendur yfir.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Skipan nýrra fulltrúa í vísindanefnd og eins fulltrúa í kennslumálanefnd.  
Samþykkt einróma ný skipan vísindanefndar. Eftirtaldir verða skipaðir í vísindanefnd til 1. júlí 2005, eða í eitt og hálf ár:  
Jón Atli Benediktsson, prófessor, formaður  
Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor  
Unnur Dís Skaptadóttir, dósent

Eftirtaldir verða skipaðir í vísindanefnd til 5. febrúar 2007, eða í þrjú ár:

N.N. raunvísindadeild  
Helga Ögmundsdóttir, prófessor  
Guðrún Nordal, dósent  
Hákon Hrafn Sigurðsson, doktorsnemi.

Einnig var samþykkt einróma að skipa Sigurð Júlíus Grétarsson, prófessor, fulltrúa í kennslumálanefnd til 30. júní 2005. Kemur hann í stað Friðriks H. Jónssonar.

- 2.2 Lögð fram endurskoðuð drög að erindisbréfi markaðs- og samskiptanefndar háskólaráðs.  
Framlögð drög að erindisbréfi og skipan markaðs- og samskiptanefndar samþykkt einróma.  
Nefndin verði skipuð eftirtöldum:  
Þórhallur Örn Guðlaugsson, lektor, formaður  
Svafa Grönfeldt, lektor, varaformaður  
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, lektor

Erla Kolbrún Svavarsdóttir, dósent  
Dagný Kristjánsdóttir, prófessor  
Hjálmtýr Hafsteinsson, dósent  
N.N., stúdent

- 2.3 Málefni Umhverfisstofnunar, sbr. fund ráðsins 18. desember 2003.  
- Frestað.
- 2.4 Lagðar fram reglur um breytingu á reglum nr. 92/2003, um meistaranám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands og reglur um doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.  
- Samþykkt einróma.
- 2.5 Lagt fram bréf hjúkrunarfræðideildar, dags. 27. janúar 2004, ásamt reglum um diplomanám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, reglum um meistaranám við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og reglum um doktorsnám við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.  
- Málinu vísað til formanna starfsnefnda háskólaráðs (formannanefndar), fjármálanefndar, kennslumálanefndar og vísindanefndar, til umsagnar.
- 2.6 Lagðar fram reglur verkfræðideildar Háskóla Íslands um meistaranám.  
- Málinu vísað til formannanefndarinnar til umsagnar.
- 2.7 Lagðar fram reglur um meistaranám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og reglur um doktorsnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.  
- Málinu vísað til formannanefndarinnar til umsagnar.

### **3. Mál á auglýstri dagskrá**

- 3.1 Viðhalds- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2004, sbr. síðasta fund.  
Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs, gerði grein fyrir framlagðri viðhalds- og framkvæmdaáætlun.  
- Samþykkt einróma.
- 3.2 Drög að svari við bréfi til menntamálaráðuneytis, dags. 26. nóvember sl., um fyrirhugaða lagasetningu um aðgengi og verðlagningu opinberra upplýsinga, sbr. síðasta fund.  
Málið var rætt.  
- Samþykkt einróma.
- 3.3 Málefni sendikennara, sbr. síðasta fund.  
Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Málið var afgreitt í tveimur hlutum:  
A. Almenn stefnumörkun Háskóla Íslands í málefnum sendikennara.  
- Samþykkt einróma að senda skýrslu starfshóps um erlenda sendikennara og umsögn heimspekideildar til umfjöllunar í fjármálanefnd.  
B. Sérmaál dönsku sendikennaranna.  
- Samþykkt einróma að Háskólinn gangi til samninga við danska menntamálaráðuneytið viðvíkjandi ráðningu erlendra lektora í stað danskra sendikennara við Háskólann.
- 3.4 Málefni læknanema, sbr. síðasta fund.  
Þórður Kristinsson, kennslustjóri Háskólans, gerði vandlega grein fyrir málinu. Málið var rætt ítarlega og svaraði Þórður framkomnum spurningum og athugasemdum.  
- Samþykkt einróma að fela kennslustjóra að vinna að lausn málsins og tryggja rétt nemenda.
- 3.5 Drög að úrskurði háskólaráðs vegna ákvörðunar lagadeildar varðandi próftökurétt í kjörgreinum, sbr. síðasta fund.  
Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Frestað.

### 3.6 Ákvörðun um nafn á náttúrufræðahús.

Málið var rætt.

- Frestað.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 14.30